

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 871/2003****2006/EES/15/04**

frá 20. maí 2003

**um varanlegt leyfi fyrir nýja aukefninu trímangantetraoxíði í fódri (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri (1), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 (2), einkum 3. gr. og d-lið 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita leyfi fyrir nýjum aukefnum eftir að umsókn, sem gerð er í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar, hefur verið tekin til skoðunar.
- 2) Lögð var fram umsókn um leyfi fyrir aukefninu „trímangantetraoxíði“ sem mangangjafa, sem er í flokknum snefilefni og um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE.
- 3) Visindanefndin um fóður (SCAN) skilaði álitni á notkun þessa aukefnis í fódri 6. febrúar 2002 þar sem hún kemst að þeirri niðurstöðu að trímangantetraoxíð stofni hvorki heilbrigði manna né dýra eða umhverfinu í hættu.

4) Mat á leyfisumsókninni, sem lögð var fram vegna trímangantetraoxíðs, leiðir í ljós að þetta aukefni, sem um getur í aaaa-lið 2. gr., uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð. Þetta aukefni skal því leyft um ótakmarkaðan tíma.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að nota trímangantetraoxíð, sem eru í flokknum „snefilefni“ og skráð í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 21.5.2003, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2003 frá 5. desember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 25.3.2004, bls. 3.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

## VIÐAUKI

## Snefilefni

EB-nr.	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla	Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg heilfóðurs	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
E5	Mangan (Mn)	Trimangantetraoxíð	MnO Mn2O3	150 (samts)		